

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi eystra.

Rein og Birkilundur, nýtt deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti 10. júní 2021 tillögu að deiliskipulagi á lóðunum Rein og Birkilundi. Gert er ráð fyrir íbúðarhúsi, gestahúsi og skemmu/geymsluhúsi á hvorri lóð. Hámarksbyggingarmagn á hvorri lóð er 600 m². Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Skóla- og íþróttasvæði á Hvolsvelli, nýtt deiliskipulag.

Bygðarráð Rangárþings eystra samþykkti 29. júlí 2021 tillögu að deiliskipulagi fyrir skóla- og íþróttasvæði á Hvolsvelli. Deiliskipulagstillagan tekur til svæðis sem er um 13 ha að stærð. Svæðið afmarkast til austurs af Vallarbraut, íbúðarbyggð við Njál- og Gunnarsgerði, Norðurgarð, Öldugerði og Litlagerði og til suðurs af miðsvæði Hvolsvallar. Norðan og vestan við svæðið er óbyggt landsvæði. Meginmarkmið skipulagsins er að skilgreina lóðir fyrir íþrótt-, skóla- og leikskólafarsemi. Skilgreind verður ný lóð fyrir 8-10 deilda leikskóla, auk byggingarreits fyrir fjölnota íþróttahús og mögulegar stækkanir á grunnskóla, sundlaugarsvæði og íþróttahúsi. Endurskilgreina á Vallarbraut og aðkomu að grunnskólanum m.t.t. umferðaröryggis, auk þess sem stígakerfi og bílastæði verða endurskilgreind. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Ystabælikoti, nýtt deiliskipulag.

Bygðarráð Rangárþings eystra samþykkti 26. ágúst 2021 tillögu að deiliskipulagi í Ystabælikoti. Gert er ráð fyrir fimm íbúðarlóðum sem hver um sig er u.þ.b. 3,4 ha. Á hverri lóð er heildarbyggingarmagn allt að 300 m² og heimilt að byggja allt að 3 hús. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hvolsvelli, 6. október 2021.

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra,

Guðmundur Úlfar Gíslason, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 20. október 2021